

*Innflutningur á bifreið

*Frávísun

Úrskurður nr.6/1999.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21 gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupnum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollanefnd vísaði málinu frá þar sem kærufrestur var liðinn.

Lög nr. 55/1987 8.gr., 10.gr., 35.gr., 100.gr., 101.gr. og 142.gr. Reglugerð 374/1995, 2.-3.gr., 7.-8.gr., 10.-15.gr., 17.-21.gr.

Með bréfi, dags. 4. mars 1999, sem barst nefndinni með boðsendingu 9. s.m., kærir J úrskurð tollstjóra frá 4.janúar 1999. Í hinum kærða úrskurði er tollverð bifreiðarinnar V sem er af gerðinni Jeep Grand Cherokee Z58, árgerð 1996, ákvarðað. Sendingarnúmer bifreiðarinnar er E HAE 03 11 8 SUB W810. Kærandi gerir kröfu um að reikningsverð verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs.

Bréfi kæranda fylgdu engin frekari gögn. Með bréfi, dags. 15. mars, benti ríkistollanefnd kæranda á nauðsyn þess að hann legði fram frekari gögn kæru sinni til stuðnings. Þann 17. maí sl. framsendi embætti Skattrannsóknarstjóra bréf frá kæranda ásamt símbréfi frá Nautica Motors Limited, vörureikningi frá sama fyrirtæki og ljósrit af farmbréfi. Svo virðist sem kærandi hafi vegna mistaka sent umbeðin gögn til Skattrannsóknarstjóra. Þar sem hinn kærði úrskurður fylgdi ekki gögnum frá kæranda aflaði nefndin sér hans frá tollstjóra með símbréfi, dags. 21. maí sl.

Í samræmi við ákvæði 4. mgr. 101. gr. tollalaga sendi ríkistollanefnd ljósrit af kærinni og önnur gögn málsins til ríkistollstjóra. Í kröfugerð hans, dags. 14. júní 1999, er fyrst vakin athygli á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995 en í ákvæðum þessum er mælt fyrir um að tollverð innfluttrar vöru skuli vera viðskiptaverðið, þ.e. það sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Engar heimildir séu hins vegar til að byggja tollverðsákvörðun á reikningsverði annarrar bifreiðar en þeirrar sem raunverulega var flutt til landsins. Síðan segir:

“Af gögnum málsins má ráða að það hafi orðið að samkomulagi á milli kaupanda og seljanda að reikningsverðið sem fram kemur í reikningi vegna bifreiðarinnar Grand Cherokee 1993 ætti einnig að gilda vegna innfluttu bifreiðarinnar V, Jeep Grand Cherokee Z58 árg. 1996. Sú eftirgjöf markaðsverðs, sem leiða má af þeirri fjárhæð sem varð að munnlegu samkomulagi á milli kaupanda og seljanda, er vegna atvika sem áttu sér stað í tengslum við aðra bifreið en þá sem var flutt til landsins. Af þeirri ástæðu er ekki unnt að fallast á að sú fjárhæð sem áþreifanlega skipti um hendur geti verið andlag tollverðsákvörðunar þar sem aðrir þættir, s.s. bætur fyrir ómak og hugsanlegt tjón kaupanda vegna fyrri viðskipta, hafa haft áhrif á niðurstöðuna um verð, en í b-lið 1. mgr. 8. gr. tollalaga og b-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar um tollverð og tollverðsákvörðun er áskilið að verðið megi ekki vera háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða. Það er mat ríkistollstjóra að skilmálar við kaupin, þ.e. aðilar fallast á sama verð fyrir nýrri og betri vöru vegna atvika sem áttu sér stað í tengslum við hið fyrra ökutæki, hafi ekki verið með þeim hætti að unnt sé að leggja framlagt reikningsverð til grundvallar tollverðsákvörðun. Það er rétt að líta á uppgjör vegna hinna fyrri viðskipta sem sjálfstætt úrlausnarefni sem ekki getur haft áhrif á tollverð þeirrar bifreiðar sem verið er að virða.

Þar sem ekki er unnt að byggja á framlögðu reikningsverði kemur til kasta reglna reglugerðarinnar um tollverð og tollverðsákvörðun um tollverð vöru þegar viðskiptaverð verður ekki lagt til grundvallar. Það þykir ekki fært að beita samanburðarreglum 10. – 14. gr. reglugerðarinnar um tollverð og tollverðsákvörðun, þar sem sams konar eða svipuð ökutæki voru ekki flutt inn á sama eða svipuðum tíma og það sem um er rætt hér. Því telur ríkistollstjóri að tollverð ökutækisins skuli ákveðið með reiknireglu 21. gr. reglugerðarinnar, sbr. 20. gr. hennar, líkt og tollstjóri gerir í úrskurði sínum.”

Með vísan til ofangreindra röksemda krefst ríkistollstjóri þess að úrskurður tollstjóra verði staðfestur.

Kæranda var send kröfugerð ríkistollstjóra í málinu til umsagnar með bréfi þann 22. júní 1999. Í svari til nefndarinnar sem barst þann 8. júlí 1999 ítrekar kærandi fyrri kröfur í málinu.

Eins og ráða má af því, sem að framan hefur verið rakið, er hinn kærði úrskurður dagsettur 4. janúar 1999. Kæran barst nefndinni á hinn bóginn ekki fyrr en 9. mars 1999. Samkvæmt 101 gr. tollalaga getur innflytjandi skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstagningu úrskurðar eða ákvörðunar. Af gögnum málsins má ráða að ofangreindur 60 daga frestur var liðinn er nefndinni barst erindið í hendur. Þegar af þeirri ástæðu er máli þessu vísað frá.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er máli þessu vísað frá.